



ECODAN E-KYNSLÓÐIN

Traustur grunnur að gæðastundum

516-2600



vorukaup@vorukaup.is



VISTVÆNN VINNUPJARKUR

GEGNHEIL GÆÐI

Mitsubishi Electric hannar og framleiðir eigin varmadælur þar sem japanskt hugvit og nýsköpun fær að njóta sín. Það tryggir gegnheil gæði niður í minnstu smáatriði og það án málamiðlana.

AÐLÖGUN AÐ AÐSTÆÐUM

Ecodan varmadælan aðlagar sig að aðstæðum og notkun hverju sinni til að nýta orkuna sem best. Stiglaus keyrsla skilar nákvæmlega þeim afköstum sem þarf hverju sinni svo engin orka fer til spillis. Þannig næst hámarks hagkvæmni í hitun með lágmarks orkukostnaði.

VINUR Í VESKINU

Ecodan er meðal mest seldu varmadælum Mitsubishi Electric og ekki að ástæðulausu. Auðveld í uppsetningu, með hátt rekstraröryggi og einstaka tækni sem tryggir hámarks orkunýtingu.

NAPURT Á NORÐURSLÓÐUM

Kuldi og óblíð veðráttu á norðurslóðum getur verið mikil áskorun við hönnun á varmadælu.

Ecodan varmadælan er sérstaklega hönnuð með krefjandi aðstæður á norðurslóðum í huga þar sem úti getur orðið verulega kalt.


Ecodan Zubadan vinnur niður í -30°C útihita án þess að þurfa aðstoð hitalda sem er umtalsverður sparnaður við slíkar aðstæður.

KYRRÐIN ER KOMIN TIL AÐ VERA

Ecodan varmadælan er hönnuð með vellíðan og þægindi að leiðarljósi, innan- sem utandyra. Þrátt fyrir að vera einstaklega hljóðlát er auk þess sérstök kyrrðarstilling sem tryggir friðsælan nætursvefn, bæði innan- og utanhúss.

FARSÆL FJÁRFESTING

Fjárfesting í Ecodan varmadælu eykur verðgildi húsnæðis umtalsvert með lægri rekstrarskostnaði og auknum þægindum.



SNJÖLL, HLJÓÐLÁT OG SKILVIRK HITUN

NÝR SNERTISKJÁR Í LIT

Nýr og betri skjár í lit fyrir aðgengi að öllum stillingum, hitastigi og orkunotkun. Skýrt og auðlært notendaviðmót sem auðveldar alla stjórnun og yfirsýn.

AFAR HLJÓÐLÁT KEYRSLA

Val um fjórar mismunandi kyrrðarstillingar sem er hægt að aðlaga aðstæðum hverju sinni óháð tíma dags eða notkun.

SVEIGJANLEGRI UPPSETNING

Nú getur röralengdin milli inni- og útitækis verið allt að 50m fyrir flest tæki svo nú er staðsetning útitækisins enn sveigjanlegri.

ECODAN - HYDROBOX

Fyrirferðalítil en öflug lausn þar sem upphitun er án neysluvatns. Hydrobox hefur sömu afkastagetu og eiginleika eins og innitæki með neysluvatnshitun. Enn einfaldari uppsetning þar sem ekki er þörf á upphitun neysluvatns.

HÆRRÁ HITASTIG ÁN HITALDA

Ecodan getur nú framleitt hærra hitastig á vatni en áður án aðkomu rafhitalda. Það skilar sér í betri nýtni, sérstaklega fyrir ofnakerfi.

EINFÖLD Í UPPSETNINGU

Forstilltir hitunarferlar auka einfaldleikann og auðveldar alla uppsetningu. Fljótlegt að velja hitunarferil sem hentar hverjum og einum hvort sem um gólfhita eða ofnakerfi er að ræða.

SKILVIRK FLÆÐISSTÝRING

Snjallstýring aðlagar hringrás vatns að þörfinni hverju sinni til að lágmarka orkunotkun. Þannig næst lægri orkunotkun án málamiðlana.

SJÁLFRÍK AÐLÖGUN

ECODAN aðlagar hitunarferlið að aðstæðum og notkun til að auka skilvirkni og minnka orkukostnað.

Með svæðisskiptingu er svo hægt að stýra hita á mismunandi stöðum á mjög auðveldan hátt.

HITI OG NEYSLUVATN SAMTÍMIS

Ólíkt öðrum varmadælum getur Ecodan hitað upp húsið samhliða neysluvatnshitun.

NÝ TÆKNI VIÐ NEYSLUVATNSHITUN


Þökk sé nýrri tækni fæst nú skilvirkari hitun neysluvatns óháð upphitun húsnæðis.

SNJÖLL AFHRÍMING

Afhríming er nú snjallari en áður. Nú fer afhríming einungis fram þegar þörf er á sem skilar sér í töluverðum orkusparnaði.

SJÁLFRÍK AÐLÖGUN

Varmadælan aðlagar sig að hitunarþörf hverju sinni m.v. fjölda upplýsinga úr kerfinu ásamt inni- og útihitastigs. Það dregur úr hitasveiflum innandyra og eykur þægindin.



SPARAÐU MEÐ SNJALLMÆLI

Með breytilegu orkuverði, t.d. lægra að næturlagi, er hægt að lækka orkukostnað enn frekar með SMARTGRID.


ECODAN er SMARTGRID samhæft og þannig er hægt að safna upp orku í varmadæluna þegar raforkuverðið er lægra.



EINFÖLD OG HAGKVÆM STJÓRNUN

Með Ecodan er hægt að fá þráðlausa fjarstýringu sem sýnir allar helstu upplýsingar um stöður og hægt að stjórna fjölda aðgerða.

GWP-GILDI







FULLKOMIN STJÓRN MEÐ MELCLOUD HOME

Með MELCloud HOME appinu er hægt að stjórna og fylgjast með ECODAN varmadælunni, hvaðan sem er svo lengi sem nettenging er til staðar. Úr snjalltækinu er þá hægt að stilla hitann, skipuleggja keyrsluna og hámarka orkusparnaðinn.

Appið er frítt og aðgengilegt á App Store®, Google Play® og Microsoft Store®. Því er einfaldlega hlaðið niður, búinn til reikningur, varmadælan tengd við netið með sérstakri neteiningu og þá er varmadælan komin við höndina.

ECODAN varmadælan er tilbúin fyrir framtíðina. Hún heldur utan um fjölda keyrslugagna sem er hægt að nálgast á skjá og með nettengingu. Þar má m.a. sjá orkunotkun yfir tímabil, nýtni og fjölda annarra gagna sem geta t.d. nýttst við bilanagreiningu.

Wi-Fi eining er aukabúnaður fyrir varmadæluna.





ECODAN – EIN LÍNA – MARGIR MÖGULEIKAR

Mitsubishi Electric ECODAN loft í vatn varmadælan er hagkvæm lausn við annars dýrri rafkyndingu. ECODAN varmadælan inniheldur allt það besta sem japanskt hugvit og hátækni býður upp á; kraft, fjölhæfni, gæði og endingu.

Titillinn "MADE FOR SCANDINAVIA" er ekki til skrauts og ber að taka með fullri alvöru. Það þýðir að varmadælan er sérstaklega hönnuð með kalt veðurfar í huga eins og búast má við á norðlægum slóðum.

ECODAN varmadælan fæst í mörgum stærðum og útfærslum til að koma á móts við ólíkar kröfur og þarfir viðskiptavina.

Hægt að velja með eða án neysluvatnshitunar og einnig mismunandi öflugt útitæki m.t.t. aðstæðna.

ECODAN varmadælan frá Mitsubishi Electric er örugg fjárfesting til framtíðar, hvort heldur sé litið til rekstraröryggis, þægindis og hagkvæmnis.



ECODAN - SPLIT



TÆKNIUPPLÝSINGAR / ECODAN E-GEN SPLIT		UPPHITUN MEÐ NEYSLUVATNI		UPPHITUN
INNITÆKI		ERST20F-YM9E	ERST30F-YM9EE	ERSF-YM9E
Orkunýtni við upphitun W35°C (A) ¹	Einkunn	A++	A++	A+++
Orkunýtni neysluvatni (A) ¹	Einkunn	A+	A+	-
Stærðarflokkur neysluvatns		L	XL	-
Varaafi (hitöld)	kW	3 + 6	3 + 6	3 + 6
Mál (BxHxD) / (hæð m. tengisvæði)	mm	595 x 1600 x 680 (1820)	595 x 2050 x 680 (2250)	530 x 800 x 360
Þyngd (fullt / tóm)	kg	307 / 98	421 / 112	47 / 41
Neysluvatnsmagn	Lítrar	200	300	-
Hitastig á vatni (Max / Min)	°C	70 / 20	70 / 20	70 / 20
Æskilegt sjálfvar	A	3 x 16	3 x 16	3 x 16
Rafkerfi	V/Fas/Hz	400 / 3 / 50	400 / 3 / 50	400 / 3 / 50
Hámarksstraumtaka í keyrslu	A	13	13	13
Herbergishiti (min / max)	°C	0 – 35	0 – 35	0 – 35
Stillanlegur innihiti	°C	10 – 30	10 – 30	10 – 30
Innbyggður þenslukútur	Lítrar	12	Nei	10
Hljóstyrkur	dB(A)	41	41	41



TÆKNIUPPLÝSINGAR / ECODAN E-GEN		POWER INVERTER			ZUBADAN				
ÚTITÆKI PUZ- SWM /SWHM YAAH-SC		SWM80	SWM100	SWM120	SHWM80	SHWM100	SHWM120	SHWM140	
HITUN	Raunstærð (Pdesign)	kW	8,0	10,0	12,1	8,0	10,0	12,1	14,0
	SCOP ² 35°C (A) ¹	Gildi	A+++ / 4,66	A+++ / 4,58	A+++ / 4,56	A+++ / 4,76	A+++ / 4,71	A+++ / 4,64	A+++ / 4,69
	Orkunýtni (A) ¹	η%	181	178	177	185	183	180	182
	Afköst við -15°C / +35°C	kW	7,3	9,0	10,4	8,8	10,7	12,3	14,2
	Afköst við -15°C / +55°C	kW	5,7	7,3	8,3	6,0	9,2	11,2	11,7
	Afköst við -25°C / +45°C	kW	4,7	6,9	8,0	-	-	-	-
	Afköst við -30°C / +50°C	kW	-	-	-	4,4	8,0	9,0	10,0
	Afköst (Min-Nom-Max) A7/W55	kW	1,7-4,0-7,5	1,7-7,0-9,2	1,7-7,0-11,2	1,7-4,0-7,5	1,7-7,0-9,2	1,7-7,0-11,2	2,7-7,0-12,6
Helstu mál (B x H x D)		mm	1050 x 1040 x 480						
Þyngd		kg	114,5	114,5	125,5	116,0	116,0	126,5	127,0
Lægsti öruggi keyrsluhiti v.hitun		°C	-25	-25	-25	-30	-30	-30	-30
Hljóðstyrkur (SPL) ³		dB(A)	41	44	45	41	44	45	46
Hljóðstyrkur (PWL) ⁴ við hitun		dB(A)	54	58	58	54	58	58	58
Rafkerfi		V /Fas / Hz	400 / 3 / 50	400 / 3 / 50	400 / 3 / 50	400 / 3 / 50	400 / 3 / 50	400 / 3 / 50	400 / 3 / 50
Verksmiðjuáfylling kælimiðils		m	35	35	30	35	35	30	30
Lagnalengd milli tækja (Min/Max)		m	2 / 50	2 / 50	2 / 30	2 / 50	2 / 50	2 / 30	2 / 30
Lagnastærð milli tækja		Tommur	¼" x ½"	¼" x ½"	¼" x ½"	¼" x ½"	¼" x ½"	¼" x ½"	¼" x ½"
Hæðarmunur milli tækja (Max)		m	30	30	30	30	30	30	30
Kælimiðill / GWP gild ⁵			R32 / 675	R32 / 675	R32 / 675	R32 / 675	R32 / 675	R32 / 675	R32 / 675


¹ (A) Miðlungshlýtt loftslag.

² SCOP (Seasonal Coefficient of Performance) Meðalársnýtnisstuðull samkv. ErP-reglugerð 811/2013. (frá A+++ niður í D).

³ Uppgefið við meðalalag.

⁴ Samkv. EN 12102

⁵ Allt inngríp í kerfið skal framkvæmt af löggiltum aðila. GWP (Global Warming Potential) gildið vísar í reglugerð EU 417/2014 frá IPCC, útgáfu 4:e þar sem CO₂ hefur gildið 1.



516-2600
www.vorukaup.is
vorukaup@vorukaup.is

